



Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Dags.: 29. nóvember 2022
2211121 MJN

Efni: Umsögn um þingskjal 139 — Tillaga til þingsályktunar um rannsóknasetur öryggis- og varnarmála

Til að byrja með skal tekið undir með tillöguflýgjendum um mikilvægi þess að til staðar sé sjálfstæð, fræðileg geta til greiningar og umfjöllunar um öryggis- og varnarmál í víðu samhengi. Of lengi höfum við Íslendingar eftirlátið öðrum þjóðum að meta öryggishagsmuni okkar og sjá um framfylgni þeirra og mjög mikilvægt er að sjálfstætt og fullvalda ríki haldi betur utan um þessa hagsmuni sína en Ísland hefur gert til þessa.

En við undirrituð, fræðimenn á sviði alþjóðastjórn mála, lögfræði og áfallastjórnunar, viljum leggja til að slíkt setur verði ekki bundið einum íslenskum háskóla, eins og lagt er til í nefndri þingsályktun, enda er þekkingu um málið að finna víðar en innan Háskóla Íslands. Okkar tillaga væri því að gefa öðrum háskólum kost að því að koma að þessu starfi og að setrið yrði ekki undir hatti Alþjóðastofnunar Háskóla Íslands, heldur sjálfstætt setur í samstarfi íslenskra háskóla sem búa að fræðilegri þekkingu á þessum sviðum. Við minnum á að ráðherra háskólamála er að setja talsvert fjármagn í samstarfsverkefni á milli íslenskra háskóla og líklegt er að setur á borð við þetta gæti sótt fjármuni í þann pott, sem það myndi annars ekki geta gert ef setrið væri eingöngu í Háskóla Íslands.

Hvað varðar okkur á Bifröst þá erum við með sérstakt meistaranám í Áfallastjórnun, sem tengist öryggis- og varnarmálum með beinum hætti. Að auki höfum við lengi kennt fjölda námskeiða á svið öryggis- og varnarmála, svo sem áfanga í friðar- og áfallafræði. Okkar fólk hefur starfað alþjóðlega, meðal annars á vettvangi NATO í Afganistan og víðar við pólitíska ráðgjöf og önnur störf tengd brothættum svæðum. Við höfum við ritað fjölda bóka og



vísindagreina sem tengjast öryggisáskorunum samtímans. Nokkrar þessara bóka, svo sem um popúlisma, upplýsingaóreiðu, samsæriskenningar og um uppgang öfgahópa hafa komið út hjá virtum alþjóðlegum fræðibókaförögum og eru kenndar víða um heim. Við teljum okkur því hafa sitthvað til málanna að leggja í þessum efnum sem myndi nýtast vel í störfum fræðaseturs um öryggis- og varnarmál og sem gæti styrkt starf þess til muna ef af verður.

Virðingarfyllst,

Dr. Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, dósent í áfallastjórnun við Háskólann á Bifröst,
Dr. Bjarni Már Magnússon, prófessor í lögfræði
Dr. Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórn málafræði við Háskólann á Bifröst,
Dr. Magnús Árni Skjöld Magnússon, dósent í stjórn málafræði við Háskólann á Bifröst